

## Erindisbréf fyrir Fjölskyldu- og velferðarráð Suðurnesjabæjar

### 1. gr.

Fjölskyldu- og velferðarráð fer með félagsþjónustu- og barnaverndarmál eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum og í samþykkt þessari.

### 2. gr.

Fjölskyldu- og velferðarráð er skipað fimm fulltrúum og fimm til vara, kosnum af bæjarstjórn. Bæjarstjórn kýs formann og varaformann ráðsins. Kjörtímabil þess er það sama og bæjarstjórnar. Starfsmaður ráðsins sér um að boða til fundar með rafrænu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri. Geti nefndarmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna það starfsmanni ráðsins eins fljótt og auðið er og óska eftir því að varamaður verði boðaður.

Ráðið skal halda gerðabók og skulu fundargerðir þess sendar bæjarstjórn til staðfestingar. Fundir skulu haldnir að jafnaði einu sinni í mánuði eða eins oft og þurfa þykir en þó innan fjárheimilda ráðsins. Boða skal til fundar ef meirihluti nefndarmanna fer fram á slíkt. Fulltrúar í fjölskyldu- og velferðarráði skulu gæta þagmælsku um einkamálefni fólks sem fjallað er um á fundum ráðsins. Fulltrúi skal víkja af fundi, og kalla til varamann, tengist hann einstaklingum eða málum, sem fjallað er um í ráðinu, þannig að spillt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni.

### 3. gr.

Hlutverk fjölskyldu- og velferðarráðs er:

- að gera tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í fjölskyldu- og velferðarmálum, félagsþjónustu og barnavernd ásamt því að hafa eftirlit með að stefna bæjaryfirvalda á hverjum tíma sé haldin.
- að sinna hlutverki barnaverndarnefndar í samræmi við lög um barnavernd.
- að hafa eftirlit með stofnunum sem vinna að félagsþjónustu, og fylgjast með að þær vinni að settum markmiðum, í samræmi við lög og veiti góða þjónustu.
- að leggja mat á þá félagsþjónustu sem veitt er á vegum bæjarins með tölulegum upplýsingum og könnunum á meðal bæjarbúa. Einnig að fjalla um þær kvartanir sem berast vegna þjónustunnar.
- að fara yfir tillögur forstöðumanna að fjárhagsáætlun hvers árs hvað varðar þá liði sem falla undir verksvið ráðsins og gæta þess í ákvörðunum sínum að halda áætlanir þegar að framkvæmdum kemur.
- að vera bæjarstjórn að öðru leyti til ráðuneytis varðandi félagsþjónustu og barnaverndarmál.

### 4. gr.

Verkefni fjölskyldu- og velferðarráðs eru:



- Barnavernd samkvæmt barnaverndarlögum.
- Málefni tengd félagslegri ráðgjöf skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- Málefni tengd fjárhagsaðstoð skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- Málefni aldraðra, þ.á.m. félagsleg heimþjónusta, skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni aldraðra.
- Málefni barna og ungmenna skv. lögum um vernd barna og ungmenna, barnalögum, lögræðislögum og ættleiðingarlögum.
- Málefni unglinga skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- Málefni fatlaðs fólks skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni fatlaðs fólks.
- Að veita leyfi til daggæslu barna í heimahúsum.
- Að hafa heildaryfirsýn yfir dagvistun fyrir börn í sveitarfélaginu og sjá til þess að íbúar geti fengið aðgengilegar upplýsingar um þau mál.
- Húsnæðismál skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þar á meðal umsjón með leiguhúsnæði í eigu bæjarins og umsjón með greiðslu húsaleigubóta. sbr. lög um húsaleigubætur.
- Málefni áfengissjúkra og vímuefnavarnir, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og áfengislög.
- Málefni atvinnulausra, þ.á.m. málefni tengd atvinnuleysisskráningu og vinnumiðlun, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og lög um vinnumiðlun.
- Málefni tengd félagslegri heimþjónustu skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- Að vinna með öðrum opinberum aðilum og stofnunum, svo sem félagasamtökum og einstaklingum, að því að bæta félagslegar aðstæður í sveitarfélaginu.
- Að stuðla að þjálfun og menntun starfsliðs m.a. með námskeiðum og annarri fræðslu.
- Að vinna að öðrum þeim verkefnum sem bæjarstjórn felur ráðinu á hverjum tíma.

#### 5. gr.

Starfsmaður ráðsins er deildarstjóri félagsþjónustu og situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Hann er ráðgjafi ráðsins og sér um ritun fundargerða, nema ráðið ákveði annað. Hann undirbýr fundi í samstarfi við formann og framkvæmir ákvarðanir ráðsins eftir að bæjarstjórn hefur staðfest þær.

Um starfsmannamál fer eftir starfsmannastefnu sveitarfélagsins.

#### 6. gr.

Séu ákvæði í lögum eða samstarfssamningum um seturétt aðila utan ráðsins, þegar um mál þeim tengd er fjallað, skal gæta þess að þau ákvæði séu uppfyllt.

Ráðið skal gæta ákvæða stjórnarsýslulaga við meðferð mála



Sett með heimild í 44. gr. samþykka um stjórn Suðurnesjabæjar nr. 450/2018 með síðari breytingum.

Samþykkt á 32. fundi bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar þann 3. febrúar 2021.

